



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 18. nóvember 2025

SFS25100049

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um leiðbeiningar um afmælisboð

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 13. október 2025, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Fyrir skömmu kom fram í fjölmiðlum að Reykjavíkurborg gefi út leiðbeiningar um afmælishópa barna í borginni. Óskað er eftir upplýsingum um hvar og hvers vegna ákvörðun var tekin um útgáfu þessara leiðbeininga. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um hvort samráð hafi verið haft við skóla- og frístundasvið vegna þessara leiðbeininga. Enn fremur er óskað eftir upplýsingum um kostnað við gerð leiðbeininganna og hverjir komu að vinnunni.

Svar:

Fyrirspurnin var send Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar til umsagnar og er svar þeirra, dags. 10. nóvember 2025, hér meðfylgjandi.



Reykjavík



Reykjavík, 10. nóvember 2025

SFS25100049

Skóla- og frístundaráð

Umsögn um fyrirspurn vegna leiðbeininga um afmælishópa

Óskað var umsagnar mannréttindaskrifstofu með bréfi skóla- og frístundasviðs dags. 14. október 2025, við meðfylgjandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í skóla- og frístundaráði vegna leiðbeininga um afmælishópa,

Umsögn mannréttindaskrifstofu:

Leiðbeiningar um afmælishópa var unnið árið 2022 af sérfræðingi í málefnum hinsegin fólks á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, vegna óska starfsfólks eftir slíkum leiðbeiningum og/eða vegna óska foreldra barna í þeirra skóla sem vildu leiðbeiningar um útfærslur á afmælishópum sem fela ekki í sér kynjaskiptingu.

Víða í grunnskólum tíðkast viðmið um hverjum er boðið í afmæli, í sumum tilfellum koma þau frá skólanum sjálfum en í öðrum eru það foreldrahópar eða félög sem koma sér saman um viðmið fyrir sín börn. Algengt er að þessar útfærslur feli í sér að annaðhvort sé öllum bekknum boðið í afmæli, eða ef afmælisbarnið er stelpa þá bjóði hún öllum stelpunum í bekknum og sé afmælisbarnið strákur þá bjóði hann öllum strákunum í bekknum. Viðmið sem þessi eru viðhöfð til að koma í veg fyrir útilokun einstakra barna eða barnahópa frá afmælisveislum og þekkjast víða um land.

Leiðbeiningarnar voru fyrst birtar á undirsíðu vefsíðu borgarinnar um hinsegin málefni sem heitir [Hinsegin börn og skólar](#), þann 6. október 2022 og má finna þær þar, samhliða öðru upplýsinga- og fræðsluefni tengt hinsegin málefnum hjá Reykjavíkurborg.

Gerð leiðbeininganna var hluti af reglubundnum störfum sérfræðings í málefnum hinsegin fólks sem m.a. fela í sér að veita ráðgjöf og fræðslu til starfsstaða borgarinnar, t.d. í formi fræðsluefnis sem er gert aðgengilegt með rafrænum hætti. Sem dæmi um annað svipað efni sem er aðgengilegt á vefsíðu borgarinnar úr smíðju sérfræðings í málefnum hinsegin fólks má nefna [stuðningsáætlun fyrir trans barn í grunnskóla](#) og [gátlisti fyrir skóla til að verða hinseginvænir](#).

Þá er leiðbeiningarnar ásamt öðru fræðsluefni til þess fallnar að uppfylla eða styðja skóla í því að uppfylla grein 2.3.3 í Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, 15. grein Jafnréttislaga og markmið Aðalnámskrár um jafnréttismenntun barna í grunnskólum.

Ekki var haft sérstakt samráð við skóla- og frístundasvið við gerð leiðbeininganna en fjölmargir starfsstaðir skóla- og frístundasviðs hafa fengið kynningar á fræðsluefni



Reykjavík



mannréttindaskrifstofu og eru leiðbeiningarnar hluti af því efni. Skrifstofa skóla- og frístundasviðs fékk auk þess kynningu á leiðbeiningunum ásamt öðru fræðsluefni frá Mannréttindaskrifstofu í kynja- og hinsegin fræðum í janúar 2025 sem hluta af Regnbogavottun skrifstofunnar.

Gerð leiðbeininganna fól ekki í sér sérstakan kostnað fyrir Reykjavíkurborg, þar sem hún var unnin innan ramma reglubundinna starfa sérfræðings í málefnum hinsegin fólks á Mannréttindaskrifstofu.

Virðingarfyllst,
Anna Kristinsdóttir
Mannréttindaskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt:
Bréf skóla- og frístundasviðs dags. 14. október 2025



Reykjavík, 14. október 2025
SFS25100049

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Efni: Ósk um umsögn um fyrirspurn um leiðbeiningar um afmælisboð barna

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 13. október 2025 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fyrir skömmu kom fram í fjölmiðlum að Reykjavíkurborg gefi út leiðbeiningar um afmælishópa barna í borginni. Óskað er eftir upplýsingum um hvar og hvers vegna ákvörðun var tekin um útgáfu þessara leiðbeininga. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um hvort samráð hafi verið haft við skóla- og frístundasvið vegna þessara leiðbeininga. Enn fremur er óskað eftir upplýsingum um kostnað við gerð leiðbeininganna og hverjir komu að vinnunni.

Meðfylgjandi fyrirspurn er hér með send mannréttindaskrifstofu til umsagnar. Óskað er eftir að umsögn berist fyrir 4. nóvember 2025.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Reykjavík